

- 145 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð prestshjónanna Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, Desjamýri og Hjaltastað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. okt. 1961. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, prestshjóna að Desjamýri og Hjaltastað.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1945 af börnum nefndra hjóna á aldarártíð þeirra (sbr. Aldarminning og niðjatal. — Rvk. 1945).

Höfuðstóll sjóðsins er:

1. Upphaflegt stofnfé.
2. Áunnir, viðlagðir vextir og minningargjafir.
3. Dánargjöf Guðmundar Stefánssonar, f. að Desjamýri 14. sept. 1881, d. í Minneapolis 22. ágúst 1959.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjár og gjöfum, sem berast kunna.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, svo og tekjur hans aðrar, skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða bönkum (bankaútibúum) með ríkisábyrgð.

4. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu og umráðum sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ákvörðun um styrkveitingar skal taka á lögmætum sýslunefndarfundum. Oddviti sýslunefndar er reikningshaldari sjóðsins.

5. gr.

Af vaxtatekjum sjóðsins má verja allt að 10% hlutum samkvæmt því, er segir um tilgang hans í næstu grein. Aðrar tekjur hans leggjast við höfuðstól. Þó má veita styrki af stofnfjárgjöfum eftir fyrirætlum þeirra, sem slíkar gjafir kynnu að gefa.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita piltum og stúlkum, búsettum eða fæddum í Norður-Múlasýslu, svo og umsækjendum úr niðjahópi prestshjónanna, styrki til náms í húsmæðrafræðum og búvísindum. Svo skal og sjóðurinn veita styrki til háskólánáms, þótt í öðrum fræðigreinum sé. Skulu háskólanemar í raunvísindum sitja fyrir að öðru jöfnu.

7. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum skal standa á heilu þúsundi. Eigi skal að jafnaði veita nema 2 styrki úr sjóðnum ár hvert. Það sem umfram er af handbæru fé, og sýslunefnd þykir hverju sinni ekki ástæða til að úthluta í styrki, skal leggja við höfuðstól.

8. gr.

Sýslunefnd skal auglýsa árlega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, með tilgreindum skilyrðum, sbr. 6. gr.

9. gr.

Auglýsingakostnaður og önnur bein útgjöld vegna sjóðsins greiðist af vaxtatekjum. Svo og er heimilt af vaxtatekjum eða stofnfé að kaupa óselt upplag af „Aldarminningu og niðjatali“ (sbr. 1. gr.) og gefa út sem viðauka við það ævminningu Guðmundar Stefánssonar, sem núverandi höfuðstóll sjóðsins er að langmestu leyti kominn frá.

145

11. okt.

10. gr.

Styrkveitinga skal getið í sýslufundargerðum, sem annarra álykta nefndarinnar. Þar skal og birta breytingar, sem gerðar kunna að verða á skipulagsskrá þessari. Niðurstöður reikninga sjóðsins skulu árlega birtir í sýslufundargerð.

11. gr.

Að fimmtíu árum liðnum frá staðfestingu skipulagsskrár þessarar er sýslunefnd heimilt, með samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda, að gera breytingar á 6. grein hennar.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, þegar hún hefur hlotið staðfestingu forseta Íslands.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 37 frá 20. febrúar 1946.

Samþykkur f. h. sýslunefndar Suður-Múlasýslu.

Seyðisfirði, 24. júlí 1961.

Erlendur Björnsson.

REGLUR

146

16. okt.

um gjald fyrir heimavinnu vegna kennslu í móðurmáli og reikningi í barnaskólum.

1. gr.

Heimilt er, að fengnum tillögum viðkomandi skólustjóra, að greiða kennurum í barnaskólum sérstaka þóknun fyrir heimavinnu vegna kennslu í móðurmáli og reikningi fyrir þann nemendafjölda, sem kennari kennir umfram 20 nemendum aðra hvora námsgreinina, en umfram 10 kenni hann þær báðar.

Hliðstæð og hlutfallsleg regla gildir fyrir kennara, sem kenna erlend mál.

2. gr.

Þóknun á viku samkvæmt 1. gr. verði sem hér segir:

- a. Vegna móðurmálskennslu kr. 1.75 fyrir hvern nemanda.
- b. Kr. 0.90 fyrir hvern nemanda vegna reikningskennslu.

Sé kennt erlent mál í barnaskóla, greiðist kr. 1.20 vegna hvers nemanda.